



Borgarráð

Lambhagavegur 5, aðilaskipti að lóð.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að nýr lóðarhafi verði skráður fyrir lóðinni nr. 5 við Lambhagaveg í Reykjavík þannig að í stað Kapps ehf. kt. 420307-3570, Miðhrauni 2 Reykjavík verði nýr lóðarhafi FF Fasteignir ehf. kt. 541116-0280, Grundarási 9, 110 Reykjavík, enda ber nýr lóðarhafi sömu réttindi og skyldur og fyrri lóðarhafi gerði.

Greinargerð: Kapp ehf. (rekstrarfélag) hefur óskað eftir að nýtt félag, FF Fasteignir ehf. (eignarhaldsfélag) verði skráð sem nýr lóðarhafi en það félag er í eigu sömu aðila og Kapp ehf. Aðilaskipti þessi verða ekki til þess að fyrirhuguð notkun breytist eða að Kapp ehf. hyggst flytja starfsemi af umræddri lóð, heldur er breyting þessi til þess gerð að færa fasteignina sem byggð verður frá rekstrarfélagi yfir í eignarhaldsfélag og takmarka þar með áhættu rekstrarfélagsins.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Beiðni Kapp ehf. um aðilaskipti dags. 16.2.2016.

Yfirlýsing KPMG endurskoðanda um eignarhald dags. 15.2.2016.



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Bt. Magnús Ingi Erlingsson
Ráðhúsið
101 Reykjavík.

Reykjavík, 15. febrúar 2017.

Efni: FF fasteignir ehf., kt. 541116-0280

Að beiðni framkvæmdarstjóra KAPP ehf., kt. 420307-3570 staðfestir undirritaður endurskoðandi að vinna við ársreiknings FF fasteigna ehf. og tengdra félaga er í fullum gangi. Þar sem ársreikningagerðinni verður ekki lokið fyrir fund Borgarráðs í febrúar 2017 staðfestir undirritaður enn frekar að KAPP ehf. og FF fasteignir ehf., kt. 541116-0280 eru að fullu í eigu Freyssona ehf., kt. 531204-2470. Freyssynir ehf. er eignarhaldsfélag í eigu hjónanna Freys Friðrikssonar og Elfu Hrannar Valdimarsdóttur. KAPP ehf. rekur véla-, kæli- og verkstæðisþjónustu auk þess að selja og framleiða OPTIM-ICE ísþykknivélar. FF fasteignir ehf. fasteignafélag sem stefnt er að því að halda utan um, reki og fjármagni fasteignir sem KAPP ehf. nýtir í sínum rekstri.

Ef frekar upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í síma 545 6000 eða í gegnum netfangið moskarsson@kpmg.is.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Bt: Magnús Ingi Erlingsson
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2017

Efni: Úthlutun lóð #5 að Lambhagavegi til KAPP ehf kt: 420307-3570

Ég vil fyrir hönd KAPP ehf, biðja um að lóð #5 að Lambhagavegi í Reykjavík sem fyrirtækið fékk úthlutað í desember verði færð yfir á FF Fasteignir ehf kt: 541116-0280

Ég óska eftir þessu þar sem að FF Fasteignir ehf halda utan um, rekur og fjármagnar þær fasteignir sem að rekstur KAPP ehf nýtir í sínum rekstri.

Ég vona að vel verði tekið í þessa ósk fyrirtækisins og að greiðsluseðill sá sem að barst KAPP ehf með eindaga 27.02.2017 verði færður af KAPP ehf yfir á FF Fasteignir ehf.

Meðfylgjandi bréfi þessu er staðfesting KPMG endurskoðunar

Virðingarfyllst



Freyr Friðriksson
Framkv.stjóri
KAPP ehf.

Vitundarvottar

Valgerður Jónsdóttir 211057-7429

Þóroddur Sigurðsson 010156-3579